

ur að réttarins dómi að telja, að svo hafi verið þar sem hótanirnar um að stöðva vinnuna hlutu að vera meintar þannig og skiljast á þá leið, að þetta ætti að gera með ofbeldi. Þykir refsingin, sem þeir hafa unnið til með þessu, með hliðsjón af 47. gr. hegningarlaganna og samkv. 212. og 46. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 300 kr. sekt handa hvorum hinna ákærðu, sem greiðist innan fjöggra vikna frá löglegri birtingu þessa dóms, í rikissjóð, en afplánist með þriggja vikna einföldu fangelsi af hvorum hinna dómfelldu sé sektin ekki réttilega greidd.

Enda þótt nokkrar líkur hafi komið fram yfir því, að ákærðu, Jón Hafliðason og Kristmundur Jónsson, hafi gert sig seka í tilraun til þess að hindra uppskipunina úr Gullfossi umrætt sinn með því að losa bátinn frá skipinu, verður þó ekki gegn eindreginni neitun hinna ákærðu talið að svo hafi verið.

Ákærðu, Jón Rafnsson og Ísleifur Högnason, eiga að greiða að jöfnu allan kostnað af málinu, sem orðinn er og verður, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, að undanskildu því að Jón Rafnsson á að greiða Ísleifi Högnasyni 10 kr. í málsvarslaun, en hið opinbera greiði sama manni 20 kr. í málsvarnarlaun vegna þeirra, er sýknaðir voru.

Málsmeðferðin telst ekki hafa verið aðfinnsluverð.

Miðvikudaginn 12. okt. 1932.

Nr. 82/1932. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson).

gegn

Jóel Jónassyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. apríl 1932: Ákærður, Jóel Jónasson, bóndi í Bakkakoti í Leiru í Gerðahreppi, greiði sekt, kr. 500.00 til rikissjóðs, er afplánist með fangelsi í 31 dag, fáist sektin eigi greidd

innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Ákærður greiði og allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Áhöld þau, er notuð hafa verið bruggun áfengisins, eru upptæk gjörð og eyðileggist, svo og hið framleidda áfengisbrugg.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því kærði lagði auðsjáanlega launung á bruggun sína og með því að hún var í stærri stil en svo, að hann gæti ætlað að hafa hið bruggaða áfengi aðeins til eigin neyzlu, þykir mega gera ráð fyrir því, að hann hafi ætlað að láta það af hendi fyrir borgun. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti samkvæmt því, er segir í hinum áfrýjaða dómi, þykir refsing kærða hæfilega ákveðin samkv. 30. gr. laga nr. 64/1930, 10 daga einfalt fangelsi og auk þess 500 kr. sekt í ríkissjóð, og skal greiða hana innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en ella afplánist hún með 30 daga einföldu fangelsi Svo ber og samkv. 8. gr. nefndra laga, að gera upptæk áfengisilátin, og renni andvirði þeirra í ríkissjóð. En með því að hinu bruggaða áfengi var helt niður áður en dómur í héraði var kveðinn upp, þykir ekki þurfa, að kveða á um meðferð þess í þessum dómi.

Kærði greiði allan sakarkostnað í héraði, þar á meðal 30 kr. í málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns þar, hæstaréttarmálaflutningsmanns Stefáns Jóh. Stefánssonar, og allan áfrýjunarkostnað, þar á meðal málfutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Það er athugavert við málsmeðferðina í héraði, að hegningarvottorð hins kærða hefir ekki verið lagt fram.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jóel Jónasson, sæti 10 daga einföldu fangelsi og greiði auk þess í ríkissjóð 500 kr. sekt, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu þessa dóms, er afplánist ella með 30 daga einföldu fangelsi. Áfengisilátin skulu upptæk ger, og renni andvirði þeirra í ríkissjóð. Svo greiði kærði og allan sakarkostnað í héraði, þar á meðal 30 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns þar, hæstaréttarmálaflutningsmanns Stefáns Jóh. Stefánssonar, og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Við hússrannsókn, er gerð var á bænum Bakkakoti í Leiru í Gerðahreppi, 13. nóv. f. á., heimili ákærða, sem er 37 ára að aldri, fundust í heyhlöðu þar á bænum 4 tunnur af einhverri blöndu, en tunnur þessar þar grafnar niður í heyið. Voru tekin sýnishorn af hverri tunn, er send voru Efnarannsóknarstofu ríkisins, 14. s. m., og samkv. skýrslu rannsóknarstofunnar, dags. 17. s. m., reyndist þetta vera gervökvi, innihaldandi í þremur sýnishornunum: 11.00%, 10.1% og 5.4% alkóhóls að rúmmáli, en eitt sýnishornið hélzt eigi í flöskunni vegna geringar.

Hefir ákærður haldið því fram, að tilgangur hans með bruggun þessari hafi aðeins verið sá, að framleiða óáfengt öl, sem honum af lækni hafi verið ráðlagt að drekka

vegna magaveiki, og hafi þetta verið fyrsta tilraun hans til ölgerðar, en til þessa þurfi engin sérstök bruggunartæki, og fundust eigi nein tæki, er húsrannsókn fór fram, ne hafa fundizt síðan. Kveðst ákærður ekkert hafa þekkt áður til ölgerðar, en hann gjört tilraun í þessa átt í sparnaðarskyni, og hafi vökvinn reynzt áfengur, stafi það af vanþekkingu hans að því er ölgerð snertir. Ennfremur hefir ákærður gefið það í skyn, að menn þeir, er húsrannsóknina framkvæmdu hjá honum, sumir hverjir að minnsta kosti, hafi þá verið undir áhrifum áfengis, svo vafasamt sé, að byggt verði á húsrannsóku þessari yfirleitt, og loks hefir hann látið þess getið, og skipaður talsmaður hans í málinu, eftir honum, að á leitarstaðnum hafi verið settir ómerkilegir bréftappar í flöskur þær, sem sýnishornin voru tekin á, sem sé 3 háflöskur og eina heilflösku, sem óvíst sé að hafi verið tómar áður og hrein- ar, en sýnishornin voru á flöskur þessar látnar, og er rannsóknarstofan hafi fengið sýnishorn þessi, hafi þau verið á 4 háflöskum, og sé því efasamt, að rannsóknarstofan hafi haft til rannsóknar sama vökva og á þeim tunnum var, er sýnishornin voru tekin af. Loks hefir ákærður undir rannsókninni bent á það, að verið geti, að alkóhól- innihald sýnishorna-vökvans hafi aukizt eða tekið breytingu frá því að þau voru tekin á heimili hans, og þar til efnarannsóknin fór fram, vegna aukinnar geringar á flöskunum á þessu tímabili.

Við vitnaleiðslu, er fram hefir farið 20. febr. þ. á., virðist það hafa upplýst nægilega, að tilgáta ákærðs um að menn þeir, er húsrannsóknina framkvæmdu hafi þá verið undir áhrifum áfengis, eigi hafi við neitt að styðjast, né heldur, að nokkuð hafi verið athugavert, eftir atvikum, við meðferð þeirra á teknum sýnishornum, útbúnaði og afgreiðslu yfirhöfuð, en að því er snertir tilgátu hans um það að sýnishornin hafi tekið efnabreytingu frá því að þau voru tekin og þar til efnarannsókn fór fram, eins og fyrr greinir, þá virðist mega byggja á skýrslu Efnarannsóknarstofunnar, dags. 12. dezbr. f. á., sem framlögð hefir verið í málinu, um að svo hafi eigi verið, að því er hin 2 sterkari sýnishorn áhærir, og verði því að teljast sannað í málinu, að um ólöglegt áfengisbrugg hafi verið að ræða, enda þótt til ölgerðar hafi verið ætlað, er að rúmmáli

reyndist að vera alls ca. 468 lítrar á öllum tunnunum, og virðist því ákærður hafa gjörzt brotlegur gegn II. kafla áfengislaganna nr. 64 frá 19. maí 1930, sbr. 6. gr. laganna. Þar á móti virðist ekki vera nægilega sannað, gegn eindreginni neitun ákærðs, að áfengi þetta hafi verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og virðist því brot ákærðs aðeins geta varðað sektum, er samkvæmt 30. gr. áfengislaganna teljast hæfilega ákveðnar kr. 500.00, er aflánist með einföldu fangelsi í 31 dag, fáist sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Áhöld þau, er notuð hafa verið við bruggun áfengisins, eru upptæk gjörð og eyðileggist, svo og hið framleidda áfengisbrugg, sem og hellt hefir verið niður.

Miðvikudaginn 19. okt. 1932.

Nr. 35/1932. **Ferdinand Hansen**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Ólafi V. Davíðssyni (Enginn).

Aðfararhæfi o. fl.

Dómur gestaréttar Hafnarfjarðar 8. sept. 1932: Stefnur, afgreiðslumaður Ólafur V. Davíðsson, Hafnarfirði, greiði stefnanda, kaupmanni Ferd. Hansen, Hafnarfirði, kr. 1743,67.

Dómur hæstaréttar.

Með því að stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta í hæstarétti, er málið skyldi flutt þar, hefir það verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að hann verði gerður